



**Hægtryðgandi stál – Áfangaskýrsla 3. Vigdís Bjarnadóttir og Baldvin Einarsson, Efla hf. – mars 2021.**

Tilgangur verkefnisins er að afla áreiðanlegra heimilda (tölulegra gagna) um tæringu- og veðrunarþol hægtryðgandi stáls við íslenskar aðstæður með tilliti til notkunar í brúargerð. Verkefnið er framhald rannsóknar sem hófst árið 2017.

Í þessari áfangaskýrslu eru birtar niðurstöður á mælingu tæringarsýna eftir 1 og 3 ár. Niðurstöðurnar eru bornar saman við niðurstöður mælinga á tæringu á stálsýnum á sömu stöðum.

Það vekur athygli að tæring á hægtryðgandi stáli mælist meiri en á venjulegu stáli á sumum stöðum á landinu. Óvarlegt er þó að lesa of mikið í takmarkaðar mælingar.